

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*23. október 2014*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn.*

Vikan sem er að líða er búin að vera ansi fjörug hér í skólanum. Nemendur allra þriggja starfstöðvanna hafa sameinast í nýsköpunarvinnu og danskenslu á Hofsósi fyrir hádegi. Hefur gengið afskaplega vel og verður lokahnykkurinn svo nýsköpunarsýning á föstudaginn. Á miðvikudaginn kom Ingvar Magnússon til okkar með skyndihjálparkynningu frá Rauða krossinum fyrir 1.-8.bekk og Gídeonfélagar heimsóttu 5.bekk í dag færðu þeim Nýja testamentið.

### ***Lestraráttak***

Nú er allur skólinn byrjaður í lestrarátaki eins og kynnt var á haustsamverunum. Það felst í því að nemendur skólans lesa heima hjá sér í vissan tíma og foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir lesturinn. Búið er að stofna lið og skrá allan skólann í landsátakið í lestri, Allir lesa, og mun skólinn sjá um að færa inn hvað okkar nemendur lesa.

### ***Nýsköpunarsýning***

Öllum foreldrum og velunnurum skólans er er boðið á nýsköpunarsýningu nemenda Grunnskólans austan Vatna föstudaginn 24. október. Sýningin verður haldin í skólahúsnæðinu á Hofsósi og stendur yfir frá klukkan 10:30 til klukkan 12:00. Nemendur í 9. bekk verða með kaffihúsið sitt opið og bjóða upp á kaffi og meðlæti. Nemendum er velkomið að fara með foreldrum sínum heim að sýningu lokinni en foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta umsjónarkennara vita ef börn þeirra eiga ekki að fara heim með skólabílum.

### ***Íþróttakensla***

Frá og með mánudeginum 27. október verða einungis innanhússiþróttir í Höfðaborg þar til annað verður tilkynnt, sundkennslan fer því í pásu yfir háveturinn eins og undanfarin ár.

### ***Starfsdagur***

Mánudagurinn 3. nóvember er starfsdagur kennara og því frí hjá nemendum þann dag.

Bestu kveðjur,  
**Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi**